

Umsögn Félags leikskálda og handritshöfunda (FLH) um drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð

Almennt

Hlutverk Kvikmyndasjóðs Íslands er að tryggja grunn og stoðkerfi fyrir kvikmyndagerð á Íslandi svo hún megi áfram vaxa og blómstra, þroskast og þróast. Forsendan fyrir því að kerfið sinni þessu þjónustuhlutverki sínu svo best verði á kosið er að regluverkið sé skýrt og verklag og ferlar gagnsætt og faglegt. Reglugerð um Kvikmyndasjóð er því gríðarlega mikilvægur rammi utan um þá starfsemi sem að mörgu leiti má segja að hafi fjöregg kvikmyndagerðar í landinu í hendi sér.

FLH saknar þess að hvergi sé tekið fram í þessari reglugerð hversu langur afgreiðslutími umsókna má að hámarki vera. Undanfarin ár hefur afgreiðslutími lengst sífelld og mjög úr hófi fram. Sá hæðgangur og óvissa um það hvenær búast megi við svörum við umsóknum kemur afar illa niður á starfi handritshöfunda, líkt og annarra umsækjenda, enda erfitt að gera verk- og tímaáæltanir þegar tímaramminn er óljós. Fjölmörg dæmi eru um að verkefni hafi af þessum oröskum, vegna seinagangs við afgreiðslu umsókna, lent í vandræðum með að halda áætlun, t.d. að sækja um í erlenda sjóði eða að tryggja samstarf við aðra aðila. FLH leggur til að bætt verði inn tilgreindum afgreiðslutíma, og að hann verði að hámarki 10 vikur en helst ekki lengri en 8 vikur. Ef vandinn liggur í manneklu, þ.e. að ráðgjafar KMÍ ráði ekki við álagið og tilgreindan afgreiðslutíma, þarf einfaldlega að fjölga ráðgjöfum í samræmi við umsóknafjölda, eða endurskoða verklag svo hægt verði að halda tímamörk.

Á síðasta ári var samþykkt stofnun sérstaks Sjónvarpssjóðs, enda hafði lengi verið kallað eftir því að tekið yrði mið af breyttu landslagi og stutt betur við framleiðslu á leiknu sjónvarpsefni. Til stóð að sjóðurinn yrði fjárfestingasjóður sem stæði fyrir utan styrkjaþott Kvikmyndasjóðs, en þegar til kastanna kom var ljóst að lagabreytingu þyrfti til að heimila stofnun slíks sjóðs og því ákveðið að tímabundið yrðu þessir fjármunir, sem ætlað er að styrkja leikið sjónvarpsefni, áfram á forræði Kvikmyndasjóðs og þeim úthlutað þaðan. Það skortir tilfinnanlega að í reglugerðinni sé sérstaklega fjallað um fyrirkomulag við styrkveitingar og afgreiðslu umsókna þegar leikið sjónvarpsefni á í hlut. Þessi hluti kvikmyndagerðar hefur að mörgu leiti ólíkar þarfir og lítur sumpart öðrum lögmaðlum en kvikmyndir. Hvað handritsstyrki varðar, þá er til að mynda oft teymi höfunda sem kemur að handritsskrifum á sjónvarpsþáttaröðum, en samt sem áður eru upphæðir handritsstyrkja þær sömu og um kvikmynd væri að ræða. Þannig er ekkert mið tekið af því að sjónvarpsþáttaráðir eru meiri að umfangi og krefjast meiri mannafla og vinnuframlags en kvikmyndir. FLH leggur til að tekið verði sérstaklega fram í reglugerðinni að þegar teymi höfunda vinnur að skrifum á sjónvarpsþáttaröð verði heimilt að veita hærri handritsstyrki í samræmi við umfang.

Sömuleiðis vill FLH leggja til að við mat á umsóknum um framleiðslustyrki fyrir leikið sjónvarpsefni verði leitað til erlendra ráðgjafa.

Athugasemdir við einstaka greinar reglugerðarinnar

6. grein

FLH fagnar því að sett séu efri mörk á hversu lengi ráðgjafar geti setið, en þykir sex ár of langur tími. Lagt er til að sá tími verði stytur niður í fjögur ár. Einnig er lagt til að í tilfalli leikins sjónvarpsefnis verði leitað til erlendra ráðgjafa þegar um framleiðsluumsókn er að ræða.

7. grein

FLH gagnrýnir að gert sé ráð fyrir því að allt að 20% handritsstyrkja geti runnið til framleiðanda, í þeim tilvikum þar sem framleiðandi (eða teymi framleiðanda og handritshöfunda) sækir um handritsstyrki. Handritsstyrkir eru ekki háar upphæðir og hafa í raun aldrei verið í samræmi við vinnuframlag höfundanna. Höfundunum veitir því ekkert af því að fá styrkina óskerta. Sannfærandi rök fyrir þessu fyrirkomulagi, að framleiðendur fái þennan hluta handritsstyrkja, hafa aldrei verið lögð fram. Það liggur ljóst fyrir að handritsstyrkir eru ætlaðir til að fjármagna handritsskrif. Framleiðendur skrifa ekki handrit og því væri eðlilegra að styrkir til framleiðenda á handrits- og þróunartímabili verkefna ættu að falla undir annað svið en handritsstyrki. Mögulega væri frekar hægt að veita framleiðendum einhvers konar fyrsta hluta þróunarstyrks á þessu stigi. FLH vill því mæla fyrir því að handritsstyrkir renni alfarið og undantekningalaust til handritshöfunda.

Annað sem FLH vill koma á framfæri í tengslum við þessa 7. grein er að engin sérstök skilyrði eru sett um hverjir geti sótt um handritsstyrki, þ.e. engin krafa er gerð um að viðkomandi hafi handritsskrif eða ritstörf að meginstarfi, ólíkt því sem tiltekið er sérstaklega um framleiðendur sem skilyrði fyrir því að geta sótt um framleiðslustyrk. Handritsskrif er sérhæft fag sem krefst sérstakrar menntunar og/eða mikillar þjálfunar til að ná tilhlýðilegum tókum á. Með því að hafa þennan hluta Kvikmyndasjóðs opinn fyrir í raun hverjum sem lætur sér detta í hug að sækja um handritsstyrk er lítið gert úr þeirri sérhæfingu, ástundun og hollustu við fagið sem starfandi handritshöfundar hafa. Umsóknum um handritsstyrki fjölgar stöðugt, samkvæmt upplýsingum frá Kvikmyndamiðstöð, og þar sem Kvikmyndamiðstöð ber að afgreiða allar umsóknir sem inn koma á sambærilegan hátt, hefur það leitt til sífellt lengri afgreiðslutíma umsókna.

FLH þykir óeðlilegt að starfandi handritshöfundar skuli sitja við sama borð og leikmenn þegar kemur að umsóknum um handritsstyrki. FLH leggur til að settar verði inn lágmarkskröfur um að umsækjandi hafi skrifað handrit að a.m.k. einni stuttmynd sem framleidd hefur verið og sýnd í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi, eða hafi lokið viðurkenndu námi í handritsskrifum/ leikstjórn.

9. grein

Í fyrstu setningu greinarinnar stendur: „Vilyrði um framleiðslustyrk má veita tímabundið til allt að tólf mánaða þegar fullmótað handrit eða ítarlegur efnisúrdráttur liggur fyrir...“ Skilgreiningin „ítarlegur efnisúrdráttur“ er óljós og þyrfti að skýra betur nákvæmlega við hvað er átt. Það er stór munur á fullmótuðu handriti og ítarlegum efnisúrdrætti, það er í raun heill verkþáttur sem skilur á milli. Fullmótað handrit er væntanlega unnið út frá ítarlegum efnisúrdrætti og því skrítið að taka hvort tveggja fram sem skilyrði fyrir styrkveitingu, eins og einfaldlega sé um val umsækjenda að ræða, þ.e. hvort skilað er inn fullbúnu handriti eða einungis ítarlegum efnisúrdrætti. Ef nægir að leggja fram ítarlegan efnisúrdrátt, afhverju þá að hafa fullmótað handrit á sama stað sem skilyrði?


FLH leggur til að þessi grein verði endurskoðuð og gerð skýrari, eða að annað hvort verði felld út, þ.e. valið milli þess hvort skila eigi fullmótuðu handriti eða ítarlegum efnisúrdrætti, svo ekkert fari milli mála.

Að lokum

Íslensk kvikmyndagerð stendur á tímamótum, hún er að slíta barnsskónum og farin að gera sig gildandi, bæði heima og heiman. Margt í starfsumhverfinu fer batnandi en þó eigum við enn töluvert í land með að samninga- og höfundaréttarmál séu í viðunandi farvegi. Kjarasamningar eru til að mynda ekki til staðar milli kvikmyndahöfunda og framleiðenda, en slíkir samningar myndu lyfta íslenskri kvikmyndagerð upp á næsta þroskastig og vera til mikilla bóta. Vonir standa til þess að í nálægri framtíð verði hægt að koma á einhverju samkomulagi, líkt og tíðkast í löndunum í kringum okkur. Þó að þetta sé enn ekki orðnir að veruleika væri ekki úr vegi að setja inn í reglugerð um Kvikmyndasjóð að skilyrði fyrir styrkveitingum sé að farið sé eftir gildandi kjarasamningum. Slíkt gæti orðið jákvæð hvatning til þess að koma á slíkum samningum.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd FLH



Margrét Örnólfsdóttir

Formaður Félags leikskálda og handritshöfunda